

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 4. september 2024 á Álfasteini kl. 20.

Mættar eru Hugrún Ósk, Sandra, Eva, Lilja Dögg og Linda Margrét. Aðrir forfölluðust.

1. Hugrún segir frá því sem verður á dagskrá hjá starfsfólk á starfsdögum 5. og 6. september. Þær munu þá fara yfir öryggisatriði eins og notkun hjartastuðtækis enda margt nýtt starfsfólk. Þá munu þær fá fræðslu um verkefnið „Vinátta“ sem er á vegum barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti og Hugrún sagði stuttlega frá. Mikil ánægja með þessa fjárfestingu leikskólans meðal fundarmanna og verður spennandi að fylgjast með því verkefni vaxa í starfseminni. Einnig fá þær upprifjunarnámskeið um jákvæðan aga og hópefli til að þétta hópinn saman með margt nýtt starfsfólk.
2. Aðeins rætt um það hvort hægt sé að kynna starfsemi leikskólans fyrir foreldrum eitthvað betur, en það var eitt af því helsta sem hefði mátt koma betur út í foreldrakönnun síðastliðinn vetur. Almenn álit á fundinum að það sé gert mjög vel í vikupóstum og fréttabréfum sem foreldrar fá send í tölvupósti reglulega. Ákveðið að fá Hugrúna aðeins inn á aðalfund foreldrafélagsins með örstutta kynningu á starfinu eins og í fyrra.
3. Aðalfundur foreldrafélagsins. Rætt um að fá fyrirlestur á fundinn, Sandra ætlar að heyra í Laufeyju Hrólfis næringarfræðing. Bíðum eftir svari þar og stefnum á aðalfund virkt kvöld í september. Mögulega hægt að hafa hann í október ef Laufey er ekki laus fyrr. Til vara var rætt um að fá fyrirlestur um atferlisfræði eða að Bára sérkennslustjóri fjalli um Farsæld barna.
4. Rætt um að kaupa smá þakklætisvott handa Árna og Boggu sem hafa tekið á móti okkur í sveitaheimsókn undanfarin ár. Lilja og Linda fara í leiðangur og kaupa eitthvað til að setja í körfu fyrir ca 10 þús.
5. Jólabball. Aðeins rætt um staðsetningu. Mæting á jólabball í fyrra var það góð að húsnæðið á Melum er varla nógu stórt. Rætt um möguleika á staðsetningu. Eva ætlar að kanna hvort hægt væri að vera í Hlíðabæ og þá hvað það myndi kosta. Líkleg dagsetning væri sunnudagurinn 8. desember.
6. Jólagnafir handa börnunum. Hefð er orðin fyrir því að gefa börnunum jólagjöf. Áður var það gjöf sem jólasveinninn kom með á jólaballið, en undanfarin ár hefur jólagjöfin verið sett í hólfi barnanna í leikskólanum. Á fundinum voru pantaðar bækur á tilboðsmarkaði hjá Setberg. Bækurnar voru: Jörðin okkar, afþreyingarbók (Dverg- og trölladeild), 5 mínútna ævintýri (álfadeild) og Bóbó bangsi (ljósálfadeild).

Fundi slitið.